

Lög

um breytingu á lögum nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

1. gr.

Í stað orðsins „ECU“ í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: evrum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. 4. másl. 1. mgr. orðast svo: Reglur, sem kauphöll setur um opinbera skráningu verðbréfa, skulu uppfylla ákvæði laga þessara og reglugerðar sem ráðherra setur á grundvelli þeirra.
- b. 4. mgr. fellur brott.

3. gr.

Í stað „33¹/₃%“ í 4. tölul. 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: 50%.

4. gr.

Við lögina bætist ný grein, 42. gr., svohljóðandi:

Í reglugerð er ráðherra heimilt að setja nánari reglur um opinbera skráningu verðbréfa og framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 3. mars 1999.